



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 1 Febrúar 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 7. desember

Teknar til afgreiðslu úthlutunarreglur byggðarkvóta fyrir Skeggjastaðahrepp. Ákveðið var að færa til bókonar fyrri ákvörðun hreppsnefndar um skiptingu byggðarkvóta og var Sjávarútvegsráðuneyti sent bréf 23. nóvember 2003. Þar kom fram sú ákvörðun hreppsnefndar að úthluta Gunnólfi 9,7 þorskígildistönum.

Áki og Marínó viku nú af fundi vegna vanhæfni sinnar.

Eftirfarandi reglur um úthlutun byggðarkvóta.

Ákveðið er að aflaheimildum skuli úthlutað til báta sem eru 200 brúttó lestir eða stærri. Bátarnir þurfa að hafa gert samning við fiskvinnslu Gunnólfs ehf., sem er fjölmennasti vinnustaður sveitafélagsins, um vinnslu aflans. Þetta er gert til þess að tryggja að hráefni berist þó að veður séu misjöfn.

Ákveðið var að tala við forsvarsmenn Gunnólfs ehf. um samnýtingu á starfsmanni þeirra við vigtun afla.

Fundur 18. desember

Fjárhagsáætlun seinni umræða.

Borin var upp til samþykktar fjárhagsáætlun Skeggjastaðahrepps 2004 með niðurstöðutölum:

Aðalsjóður:	4.432 þúsund
A og B hluta stofnanir:	-3.796 þúsund
Rekstrarniðurstaða:	636 þúsund

Fjárfestingar á árinu: Engar

Samþykkt samhljóða.

Borin er upp til samþykktar þriggja ára áætlun (2004-2007) fyrir Skeggjastaðahrepp. Hún var samþykkt samhljóða.

Svar er komið frá Lánasjóð sveitafélaga vegna umsóknar um lán úr sjóðnum. Þar sem lán er veitt að upphæð 5 milljónir kr. með 4,5 % vöxtum, bundið vísitölu neysluverðs til allt að 15 ára með gjalddaga einu sinni á ári og tryggingu í tekjum sveitafélagsins. Lántakan var samþykkt samhljóða.

Fundur 8. janúar

Fundur haldin með lögmonnum sveitafélagsins, Hilmari Gunnlaugssyni og Jóni Jónssyni.

Eignarhaldsfélag Skeggjastaðahrepps gerir kauptilboð í Skólagötu 4. Kaupverð er 3.7 milljónir. Samþykkt með fyrirvara um þátttöku varasjóðs viðbótarlána.

Eyrún Kr. Júlíusdóttir vîkur af fundi vegna vanhæfni.

Lögmonnum voru tjáðar áhyggjur hreppsnefndar af skólamálam. Ákveðið var að fela lögmanni að ræða við Árna Þorsteinsson um framhaldið.

Lögmenn lögðu fram verksamning milli sveitarfélagsins og Regula Lögmannsstofu til kynningar og var hann samþykktur eftir smávægilegar breytingar.

Fundur 13. janúar

Hreppsnefnd Skeggjastaðahrepps samþykkir samhljóða á fundi sínum í dag (13. janúar) tillögu stýrihóps Norðursvæðisverkefnis um að stofnuð verði sameiginleg skóla- og félagsþjónusta fyrir sveitafélögin á Norðursvæði Austurlands og að sameiningin taki gildi haustið 2005.

Það á að skoða lokafrágang á Hafnarsvæðinu í samvinnu við Siglingastofnun og einnig hvort að hægt sé að fá taxta Rarik lækkaðan þar sem um hitunarrafmagn er að ræða fyrir báta.

Árni Þorsteinsson, skólastjóri, er fjarverandi vegna veikinda. Tilkynnti Árni það með bréfi dagsettu 30.12.2003 og skilaði hann svo inn vottorði seinna þar sem fram kemur að hann hafi verið veikur frá 22.12.2003. Árni var fjarverandi frá 19.12.2003 og hefur ekki borist skýring frá Árna hvers vegna það var. Ráðinn hefur verið afleysingarkennari vegna veikindanna.

Hreppsnefnd hefur sent Einari Þorsteinssyni, forstjóra Íslandspósts beiðni um frestumn uppsagna starfsmanna Íslandspósts á Bakkafirði.

Fundur 10. febrúar

Eyrún Kr. Júlíusdóttir vikur af fundi vegna vanhæfni.

Hreppsnefnd ákvað að áminna Árna Þorsteinsson og ákvað einnig að fela lögmönnum Regula lögmannsstofu að annast áminningu Árna.

Indriði mætir á fundinn til þess að gefa skýrslu um fund sem hann sótti til Egilsstaða um sameiningu slökkviliða. Kom fram á fundinum á Egilsstöðum að ákveðið væri að skipa í nefnd um sameiningu slökkviliða á Norðaustursvæði og mun nefndin skila álitum fyrir 1. maí 2004.

27. janúar barst afsvar frá Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis um opnun afgreiðslustaðar á Bakkafirði. Þess vegna var sent bréf til Einars Jónssonar hjá Landsbanka Íslands þar sem óskað var eftir því að Landsbanki Íslands opni afgreiðslu á Bakkafirði.

Það á að opna heimasíðu Skeggjastaðahrepps (www.bakkafjordur.is). Stofnkostnaður við leigu á léni er 12.450 kr. og árlegur kosnaður er svo 31.890 kr. fyrir vistun heimasíðu hjá Landsímanum og leigu á léni. Frímanni var falið að setja upp heimasíðuna með góðri hjálp Jóns Sigurðssonar sem rekur www.vopnafjordur.is á Vopnafirði.

Ákveðið var að hafa samband við Teikn á Lofti og endurskoða uppkast af samningi sem gerður var 2003 og setja inn í þann samning verk og kostnaðaráætlun fyrir vatn og frárennsli.

Nýjar upplýsingar hafa borist frá Siglingastofnun varðandi frágang á námusvæði á hafnarsvæðinu og er gjörbreytt staða gagnvart sveitafélaginu. Verður send formleg beiðni um lokafrágang í námunni.

Erindi hefur borist frá Svar varðandi tengingu við internetið gegnum gervihnött og einnig var haft samband við Eggert Skúlason og hans fyrirtæki og kemur hann til með að bjóða okkur tilboð í háhraða tengingu gegnum ljósleiðara og verður þetta skoðað nánar.